

12. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu 30/09' 13 kl:17:30

Mættar voru: Hanna Jónsdóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir, Margrét Ebba Ísleifsdóttir, Davíð Hafsteinsson.

Hanna setti fund kl 17:30 og bauð nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Staðan í dag.

Nýtt tómsundaúrræði fyrir fatlaða 16 ára og eldri hefst á miðvikudaginn 2. október næstkomandi og verður annan hvern miðvikudag í 2 klukkustundir til áramóta og verður þá endurskoðað.

Tveir umsækjendur hafa sótt um íbúðir hjá bænum.

Flokkunartunnur komnar í kirkjugarðinn og þegar er nýting hafin á kertaafgangar.

Mikilvægt að starfsemi Ásbyrgis hafi vettvang til að selja varning sinn.

2. Vetrarstarfið.

Boð hefur komið um tíma í tónlistarskólanum fyrir starfsmenn Ásbyrgis.

Vegna niðurskurðar hefur helgardvölum á skammtí mavistuninni Gufuskálum verið felldar niður fram yfir áramót.

3. Önnur mál.

Hópur úr Stykkishólmi sótti námskeið hreyfing, joga og dans.

Áfanginn Skólavinir hófst á haustönn 2013 áfanginn felst í félaglegum samskiptum fatlaðra og ófatlaðra nemenda skólans, þar sem kröfur áfangans eru viðvera og aðstoð við fatlaða nemendur á skólatíma, ásamt eftirfylgd á rútutíma.

Sumarþjónusta fatlaðra gekk vel, sumarþjónustan var einstaklings miðuð og eru ánægjuraddir með starfsemi sumarsins.

Fleiri ekki rætt. Næsti fundur verði haldinn í 25.nóvember kl 17:30

Fundi slitið kl 18:30

Hanna Jónsdóttir (sign)

Hafdís Bjarnadóttir (sign)

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir (sign)

Margrét Ebba Ísleifsdóttir (sign)

Davíð Hafsteinsson (sign)